

Húnaþing vestra  
Bogí Kristinsson Magnusen  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi

Reykjavík, 11. maí 2023  
UST202305-038/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hvítserkur – Húnaþing vestra**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Húnaþingi vestra er barst 3. maí sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Hvítserk í Þverárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið deiliskipulagsins eru að kortleggja núverandi stöðu og ákvarða staðsetningu göngustíga, salerna og áningarstaða. Lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru. Önnur markmið eru að standa vörð um merkar náttúru- og söguminjar, kortleggja og skilgreina gönguleiðakerfi og stuðla að betra aðgengi almennings og eflingu ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn<sup>1</sup> dags. 8. mars 2019 varðandi fyrirhugaðar framkvæmdar á tröppum sem munu liggja frá palli niður í fjöru. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið stefni að friðlýsingu Hvítserks í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun og að unnið sé að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Framkv%C3%A6mdir\\_-\\_tr%C3%B6ppur\\_-\\_Hv%C3%ADtserkur\\_%C3%AD\\_H%C3%BAna%C3%BEingi\\_vestra.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Framkv%C3%A6mdir_-_tr%C3%B6ppur_-_Hv%C3%ADtserkur_%C3%AD_H%C3%BAna%C3%BEingi_vestra.pdf)